

# Leiðarsteinar í samtali trúarbragðanna

Hjálp við að vera opin og virða manneskjur af ólíkum trúarbrögðum

Leiðarsteinar í samtali trúarbragðanna

Upplýsingaskjal fyrir norsku kirkjuna, samþykkt af norska kirkjuþinginu 2006

## Formáli

Samtal við fólk sem heyrir til öðrum trúarhefðum en hinn kristnu, hvetur kirkjuna að til að hugleiða eigin guðfræði sína og starf.

Oft er samtal trúarbragða ögrandi og krefjandi en þó hafa margir lýst upplifun sinni af því að mæta fólki af öðrum trúarbrögðum þannig að það hafi leitt til þess að þeirra eigin kristna trú hafi vaxið og þroskast. Kristin trú gefur kjark til þess að mæta þeim sem eru af öðrum trúarbrögðum án ótta og óryggis og með jákvæðri afstöðu til þess að læra eitthvað sem gerir það að verkum að við þroskumst sjálf, bæði sem manneskjur og sem trúaðir einstaklingar.

Hlutverk kirkjunnar í veröldinni hefur margar víddir og kirkjan mætir manneskjum af annarri trú á margvíslegan hátt: í kærleikspjónustunni, í boðun trúarinnar, í starfi með þeim sem eru óvissir um eigin stöðu og leita til kristinnar trúar; á sameiginlegum mótsstöðum í samfélaginu og í skipulögðu samtali trúarbragðanna.

Þessir leiðarsteinar leggja áherslu á mikilvægi þess að vera opin um markmiðið með hverjum og einum fundi og að ólík markmið eigi að ráða ferðinni í ólíkum aðstæðum. Í samstarfi við aðrar kristnar kirkjudeildir er byggt á trúnni á hinn þríeina Guð, en samtal trúarbragðanna byggir á öðrum útgangspunkti: Við viðurkennum að við eigum ekki sameiginlega trú, en við viljum þrátt fyrir það eiga samtal sem er byggt á virðingu og sem er opið fyrir praktísku samstarfi þegar það á við. Í því efni sem hér kemur á eftir er fyrst og fremst tekið mið af samtali trúarbragða þar sem leitast er við að skilja og starfa með manneskjum sem standa fyrir aðra vel skilgreinda trúarhefð (til að mynda eina af heimstrúarhefðunum).

Þrátt fyrir að við þurfum að vera meðvituð um að ólík markmið standi á bak við ólík svið er ekki hægt að skipta starfi kirkjunnar algerlega niður í ákveðin starfssvið. Kristnin er kölluð til þess að vera ljós og salt í veröldinni og því vonum við í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur að við berum vitni um þann Guð sem við trúum á. Þess vegna eru hugarfarið sem við mætum öðrum með mikilvægt. Þegar vel til tekst að mæta öðrum með því hugarfari sem sett eru fram í þessum leiðbeiningum, getum við einnig átt von á því að aðrir mæti okkur með sama hugarfari.

Leiðbeiningarnar byggja á alvöru reynslu í samtali við fólk af öðrum trúarbrögðum og í þeim má finna ráðleggingar um það hvernig söfnuðir og einstaklingar geta hegðað sér gagnvart fólki af öðrum trúarbrögðum í samfélaginu.

Leiðbeiningarnar eru safn upplýsinga sem ganga út frá ástandinu í Noregi og þeirri ábyrgð sem það því fylgir fyrir kristni að vera meirihlutatrúarbrögð í Noregi.

## Trúin er útgangspunkturinn

Fyrir hina kristnu er það að vera opin og sýna manneskjum af annarri trú virðingu grundvallað á hinum þríeina Guði: Föður, syni og heilögum anda sem skapar, frelsar og gefur líf.

- Sérhver manneskja er, óháð trú, sköpuð í mynd Guðs og kölluð til samfélags með Guði, sem samverkamaður Guðs. Guð opinberar sig í sköpunarverkinu. Við getum lært meira um náð Guðs í og með sköpunarverkinu, af öllum manneskjum og á öllum stöðum.
- Við getum ekki bent á nokkra aðra leið til frelsunar en Jesú Krist. En um leið getum við ekki sett frelsandi krafti Guðs takmörk. (Frá Heimsþingi Alkirkjuráðsins um boðun 1989). Við höfum séð andlit Guðs í Jesú Kristi, Með dauða sínum og upprisunni opnaði Kristur okkur leiðina til Guðs.
- En ávöxtur andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska (gal 5.22) Guð starfar sem heilagur andi í kirkjunni í orði og sakramenti. En andinn mætir okkur sífellt á óvæntan hátt. Við getum ekki takmarkað starf heilags anda við kirkjuna eina. Þegar við mætum því sem við þekkjum sem ávöxtum andans í þeim sem ekki deila með okkur sömu trú, getum við gert okkur í hugarlund að hluta hvernig andinn virkar meðal þeirra. Þessi trú er góður útgangspunktur fyrir þá sem vilja eiga samtali við þá sem byggja líf sitt á öðrum hefðum og finna innblástur trúar sinnar og siðfræðilegar hugsunar þar.

## Viðhorf í samtali við fólk af annarri trú

Fundir milli kristinna og fólks af annarri trú má ekki markast af einstrengingslegum reglum. Manneskjur eru margbreytilegar og aðstæður eru ólíkar. Í Jesú finnum við fyrirmyndina að því hvaða viðhorf við eigum að hafa að leiðarljósi í öllum okkar samskiptum við aðra, líka þegar við mætum fólki af annarri trú: vera opin, hafa vilja til að sjá og hlusta, vera hreinskilin og skýr og vera laus við þvingun og valdbeitingu.

Viðhorf og gildi sem við viljum leitast við að hafa að leiðarljósi í samtali trúarbragðanna, innblásin af kristinni hefð og hagnýtri reynslu eru:

- Við sækjumst eftir áreiðanlegri þekkingu og tölum þannig um aðra að þeir kannist við sjálfa sig.
- Við mætum einstaklingum og trúarhefðum samtímis.
- Við erum fulltrúar okkar sjálfra og kirkjunnar.
- Við erum skýr í eigin trú og opinská gagnvart því hver hver markmið okkar eru
- Við látum aðra um að svara því hvað sé mikilvægt og minna mikilvægt í trú þeirra
- Við látum ekki meirihlutatrúarbrögðin skilgreina það hvernig það er að vera í minnihluta
- Við sækjum innblástur og áskoranir fyrir okkar eigin trú í samtali við aðra.
- Við getum tekist á við það sem við upplifum sem vandamál bæði í eigin trú og annarra trú

- Við viljum að karlar og konur á öllum aldri taki þátt í samtali trúarbragðanna
- Við störfum saman á samkirkjulegum vettvangi
- Við þorum að taka áhættu og vera viðkvæm
- Við sækjumst eftir áreiðnalegri þekkingu og tölum þannig um aðra að þeir kannist við sjálfa sig.

Þekking er grundvöllur skilnings. Það er merki um virðingu að vera búinn að útvega sér áreiðanlega og rétta þekkingu um trú annarra. Það er áskorun til sókna og einstaklinga að skilja annars vegar á milli faglega grundvallaðra upplýsinga um önnur trúarbrögð og hins vegar neikvæðs áróðurs.

Trúarbrögð eru alltaf í þróun. Miklar breytingar geta átt sér stað þegar trúarhefð skítur rótum á nýjum stað eða færast frá því að vera meirihlutahefð í að vera minnihlutahefð eða öfugt. Þegar við mætum innflytjendum af annarri trú er mikilvægt að hlusta á hvernig trúin er túlkuð í okkar landi og að reikna ekki með því að trúin þeirra verði ekki fyrir áhrifum af því að flytjast yfir landamæri.

Þegar við lýsum öðrum trúarbrögðum, verða þeir sem tilheyra þessum trúarbrögðum að kannast við lýsinguna. Í öllum trúarbrögðum er ákveðinn munur á hugmyndafræði og iðkun. Það er óheiðarlegt að bera saman hugmyndafræði einnar trúar við iðkunannarrar.

Eins og við viljum að aðrir tali um okkur, svo skulum við og um þá tala.

### **Við mætum einstaklingum og trúarhefðum samtímis.**

Samskipti trúarbragða felur alltaf í sér samskipti einstaklinga. Manneskjan er mótuð af trú sinni og að auki af menningu sinni, tungumáli, kyni og æfisögu. Trú er ekki til óháð þeim sem trúir. Þess vegna er mikil fjölbreytni innan allra trúarhefða.

### **Við erum fulltrúar okkar sjálfra og kirkjunnar.**

Einstaklingar sjá sjálfa sig og eru skildir af öðrum út frá þeim hópi sem mótar sjálfsmynd þeirra. Því má segja að kristnir einstaklingar séu alltaf fulltrúar fyrir kirkjuna þegar þeir eiga samtali við aðra. Stundum kemur þetta fram í ákveðnum formlegum hlutverkum okkar, í öðrum tilvikum kemur þetta ekki fram. Þrátt fyrir að hægt sé að upplifa þetta án þess að óska þess, er þetta nokkuð sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Það mark sem hinn kristni skilur eftir hjá öðrum, litar þá mynd sem kirkjan fær og þar með Kristur.

### **Við erum skýr í eigin trú og opinska gagnvart því hver markmið okkar eru**

Í samtali við fólk sem er af öðrum trúarbrögðum er mikilvægt að vera skýr í því bæði hvar við stöndum og í hver okkar eigin trú sé. Þetta getur hjálpað við að skapa traust hjá báðum aðilum.

Kristið fólk getur mætt fólki af annarri trú með ýmis markmið í huga: að sækjast eftir félagsskap, að vinna að sameignlegum málefnum, að auka þekkingu sína, að sýna samhug, eða í trúboði. Það er í sjálfu sér ekki mótsögn að stunda trúboð og samtali trúarbragða en maður þarf að vera meðvitaður og opinn um það hvað gert og í hvaða

samhengi. Það er mikilvægt að vera heiðarlegur bæði gagnvart sjálfum sér og þeim sem maður mætir þegar kemur að því hvaða markmið liggja að baki samtalinu.

### **Við látum aðra um að svara því hvað það er sem er mikilvægt og minna mikilvægt í trú þeirra**

Trú tekur á sig ýmsar ólíkar menningarlegar myndir en hvar línan milli þess sem menn upplifa sem nauðsynlegt trú sinni og því sem er menningarlegt er, er misjafnt eftir einstaklingunum. Allir þurfa að vera opnir fyrir samtali um það hvaða spurningar það eru sem eru grundvallarspurningar í trú þeirra en það má ekki þvinga uppá fólk skoðunum á því hvað það er sem sé kjarnaatriði trúar þeirra.

### **Við látum ekki meirihlutatrúarbrögðin skilgreina það hvernig það er að vera í minnihluta**

Í hvert sinn sem samskipti eiga sér stað á kemur um leið upp valdastaða. Upplifunin af þessari valdastöðu getur verið ólík eftir því við hvern það á. Margir kristnir einstaklingar í Noregi upplifa sig í minnihluta gagnvart ríkjandi gildum í samfélaginu. Um leið upplifir fólk af öðrum trúarbrögðum í Noregi sig enn frekar sem minnihlutahóp. Kristni hefur sem meirihlutatrúarbrögð notið mikilla forréttinda og þar með fengið ákveðna valdastöðu. Tungumálið sem notað er, hvaða form er á fundinum, hvernig samtalsformið er og skipulagið hefur áhrif á valdastöðu milli fólks. Það er ekki undir meirihlutanum komið eða þeim sem eru á menningarlegum heimavelli að ákveða hvort minnihlutanum finnist vel með sig farið.

### **Við sækjum innblástur og áskoranir fyrir okkar eigin trú í samtali við aðra**

Við getum lært margt um okkur sjálf og aðra í hvert sinn sem við mætum öðrum. Við verðum ríkari sem kristnir einstaklingar af því að læra hvernig aðrar manneskjur hafa tekið á grundvallar spurningum tilverunnar. Auk þess geta hnitmiðaðar spurningar frá öðrum gert okkur meðvitaðri um það hvað það er sem kristin trú stendur fyrir og hvað það er sem okkur sjálfum þykir mikilvægt.

### **Við getum tekist á við það sem við upplifum sem vandamál bæði í eigin trú og trú annarra**

Í öllum stóru trúarbrögðunum er áleitinn undirtónn og þau hafa verið notuð til þess að styðja við valdamisrétti og kúgun. Þegar búið er að koma á fót opinskáu sambandi og virðingu gefst rými til þess að hefja samtal um þessa þætti. Stundum eru mikill munur á gildismati trúarbragðanna. Þetta þarf að taka alvarlega. Mannréttindi hafa fengið stuðning frá fulltrúum allra stóru trúarbragðanna. Það gefur góðan grundvöll til samtals um gildi sem ná yfir landamæri trúarbragðanna.

Áður en við tökumst á við það sem miður fer í öðrum hefðum þurfum við að vera meðvituð um það hvernig valdamisrétti er háttað í okkar eigin hefð og átta okkur á því hvað það er sem aðrir telja vandamál hjá okkur.

### **Við viljum að karlar og konur á öllum aldri taki þátt í samtali trúarbragðanna**

Hjá mörgum móta trúarbrögðin samband samband karla og kvenna. Um leið eru kynjahlutverkin í endurskoðun innan margra trúarbragða og menningarheima. Út frá hugmyndunum um jafnrétti og jafnvirði er það sérstakt markmið að bæði konur og

karlar taki á jöfnum grundvelli þátt í samtali ólíkra trúarbragða. Þegar við mætum fólki af annari trú er mikilvægt að vera vakandi fyrir þeim takmörkunum sem gilda í samskiptum milli kvenna og karla. Stundum getur verið nauðsynlegt að fara sérstaklega fram á þátttöku kvenna í samtali trúarbragðanna.

Leiðtogar trúarbragðanna hafa í gegn um tíðina verið miðaldra karlar. Vinna þarf að því að ungt fólk af báðum kynjum taki þátt þegar fulltrúar trúarbragðanna hittast.

### **Við störfum saman á samkirkjulegum vettvangi**

Markmiðið er að Kristnir einstaklingar frá ólíkum kirkjudeildum starfi saman í samtalinu við önnur trúarbrögð.

### **Við tökum þorum að taka áhættu og vera viðkvæm**

Það að vera opinn felur í sér að vera viðkvæmur. Það er nauðsynlegt fyrir öll samskipti manna á milli að þora að setja sig í viðkvæma stöðu, einnig fyrir fundi sem ganga þversum í gegn um landamæri trúarbragðanna. Þegar maður opnar sig fyrir öðrum tekur maður áhættu á að verða hafnað, að troðið verði á manni eða áskorunin verði það sterk að trúnni sé ógnað. Stundum er innifalið í kristnu lífernri að taka slíka áhættu vegna fagnaðarerindisins: „Sá sem týnir lífi sínu... mun bjarga því” (Mk. 8.35).

Það getur verið uppbyggjandi að ræða við fólk sem tilheyrir kristnu samfélagi um það sem maður upplifir í samtali trúarbragðanna sem er áskorun fyrir eigin trú.

Í mörgum kirkjubyggingum er gengið í gegn um vopnahús. Þar lögðu menn frá sér vopnin áður en gengið var til samfélags við annað fólk og Guð. Við eigum að leggja frá okkur vopnin, ágenga röksemdafærslu og fordóma, í andlegt vopnahús, áður en við mætum fólki af annarri trú.

### **Nokkrar ápreifanlegar áskoranir í samtali trúarbragðanna.**

Fundur með fólki af annarri trú geta verið af ólíkum toga og geta haft ólík tilgang. Hér á eftir koma nokkrar ráðleggingar og vangaveltur um spurningar sem upp geta komið í raunverulegum aðstæðum.

### **Sættir á milli trúarbragðanna**

Þegar við leggjum upp með fund milli fólks af ólíkum trúarbrögðum er eitt af markmiðunum að auka skilning og þar með minnka spennu milli landamæra trúarbragðanna. Stundum er þetta markmið uppi á borðinu. Spennan milli trúarbragða nærast oft bæði á raunverulegum andstæðum og af fordómum sem byggðar eru á misskilningi. Þegar tekið er mið af reynslu sem allar manneskjur hafa er hægt að eyða misskilningi, fordómar upprætast og það verður augljósara hvar raunveruleg óeining ríkir. Þetta leggur grunninn að sáttargjörðinni. Sátt felur ekki í sér að láta aðra líkjast okkur, heldur að lifa og stunda áfram samtal um þann mun sem á milli er.

### **Að taka sameiginlega á hlutunum er best fyrir samfélagið**

Samtal um siðfræðilegar spurningar getur verið góður grundvöllur til þess að velja sameiginlega leið í mikilvægum málefnum, bæði í nærsamfélaginu og á landsvísu. Trúarbrögðin eiga mörg grundvallar gildi sameiginleg. Samkvæmt lútherskri

guðfræði er siðfræðin grundvölluð á opinberun Guðs í sköpunarverkinu og því opin fyrir almennum vangaveltum. Stundum kemst maður að því að gildi sem líta svipað út eru ólík þegar kemur að því að nota þau í praktískum málum. Mikilvægt er að vera opinn gagnvart þessu.

Fólk sem á sér ólíka trú finnur hvatningu í trú sinni til þess að starfa saman. Til dæmis er hægt að starfa að kærleikspjónustu eða félagspjónustu í nærsamfélaginu, reyna að hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir um grundvallar spurningar eða vinna að friði og mannréttindamálum í Noregi og á alþjóðlegum vettvangi. Þátttaka í slíku er markmið í sjálfu sér en getur um leið stuðlað að sterkara samfélagi á milli fólks. Þrátt fyrir að trúin sé ólík er hægt að setja sér sameiginleg markmið. Mannréttindindamál eru góður útgangspunktur í samstarfi.

### **Fjöltrúarlegar fjölskyldur**

Þegar tvær manneskjur af ólíkum trúarbrögðum hefja samband geta komið upp vandamál bæði fyrir parið sjálft og aðstandendur. Um getur verið að ræða vandmál varðandi athafnir við giftingu, fæðingu barns, andlát, barnauppeldi og trúaruppeldi, forgangsroðun ráðstöfunartekna fjölskyldunnar og kynjahlutverk.

Það er hlutverk þeirra aðstandenda sem eru kristnir að styðja við fjölskyldulífið og leggja lið svo parið geti sjálft fundið góðar lausnir. Það er alveg eðlilegt að styðja við kristna aðilann í sambandinu til þess að hann geti haldið sinni trú án þess að það hafi neikvæð áhrif á þær skyldur sem fylgja samböndum. Vegna kristins skilnings á skírinni er erfitt að sleppa trúaruppeldi barns sem foreldrar hafa ákveðið að láta skíra.

Ýmis konar vandamál geta komið upp þegar sambandsslit verða.

### **Bæn**

Þegar fólk af ólíkum trúarbrögðum hittist getur komið upp spurning um hvort biðja megi saman. Þá er gott að skilja á milli hvort um er að ræða þvertrúarlega bæn (þar sem beðið er með manneskju sem aðhyllist önnur trúarbrögð), fjöltrúarlega bæn (þar sem fólk af ólíkum trúarbrögðum biður hvert sína bæn á sama tíma) og að vera viðstaddur bænagjörð annarra. Ólík viðhorf ríkja um það hvað er í lagi bæði meðal kristinna og fólks af öðrum trúarbrögðum. Aðstæðurnar skipta hér miklu máli: það er munur á bæn sem er flutt í einkaaðstæðum og bæn á opinberlega auglýstum fundi, á bæn í aðstæðum þar sem milar hörmungar hafa átt sér stað og í bæn í tengslum við athafnir á krossgötum lífsins fyrir hjón sem eru af ólíkum trúarbrögðum.

Það að vera til staðar í bænastund annarra þarf ekki að vera vandamál fyrir kristinn einstakling og oft getur fjöltrúarleg bæn verið yfirlýsing um samfélag og um þær línur sem skilja að í þvertrúarlegum aðstæðum. Oft getur fólk upplifað fjöltrúarlega bæn sem það rétta, til dæmis í erfiðleikum í þvertrúarlegri fjölskyldu. En fjöltrúarleg bæn má ekki fara fram á kostnað á heilinda hins kristna. Í slíkum tilfellum er þátttaka ekki ráðleg.

Þegar kemur að bæn er sérstaklega mikilvægt að virða að fólk. Kristið fólk, eins og aðrir, hefur sín takmörk fyrir því sem það vill taka þátt í. Það er alltaf mikilvægt að

þegar fram fer bæn þar sem fólk af ólíkum trúarbrögðum mætist, sé það vel undirbúið þannig að fólk geti fyrirfram tekið ákvörðun um það hvort það geti tekið þátt af fullum heilindum.

### **Trúfrelsi og trúskipti**

Allir verða fyrir áhrifum af því að mæta öðru fólki. Það að trúin þróist og breytist við það að hitta fólk af öðrum trúarlegum hefðum er hægt að skilja sem merki um þroska í samskiptum við það sem er framandi og nýtt og sem ávöxt heilags anda.

Þar sem fólk af ólíkum trúarbrögðum mætist má alltaf búast við því að einhver skipti um trú. Það er réttur einstaklings að skipta um trú og hvers kyns hótanir og hegningar í garð þeirra sem skiptir um trú eru óásættanlegar. Einnig er óásættanlegt að setja fólk undir pressu eða útiloka það á einn eða annan hátt til þess að fá það til þess að skipta um trú.

Það að ganga úr einni trúarhefð í aðra getur verið erfitt og sársaukafullt ferli, bæði fyrir þann sem skiptir og fyrir fjölskyldu hans og aðstandendur og hefur áhrif á félagsleg samskipti af ýmsu tagi.

Kirkjan þarf að virða trúskipti, bæði til og frá kristni. Kirkjan tekur með gleði á móti öllum sem taka kristna trú, hún sýnir virðingu og býður upp á trúarlega uppfræðslu. Áður en einstaklingurinn er skírður þarf kirkjan að ganga úr skugga um að einstaklingurinn hafi hugsað málið í nokkurn tíma og að ákvörðunin hafi ekki verið tekin vegna utanaðkomandi þrýstings. Bæði einstaklingurinn og fjölskylda hans gætu þurft mikinn stuðning.

Stundum standa þeir sem hafa nýlega skipt um trú í vegi fyrir opnum og tillistsömum samskiptum milli fólks af ólíkum trúarbrögðum. En oft má líka sjá að þeir sem nýlega hafa skipt um trú verða að góðum brúarsmiðum milli trúarbragðanna.

*Veiledning i religionsmøte, Hjelp til åpenhet og respekt mellom mennesker fra ulike trossamfunn. Vedtatt af Kirkemøtet 2006.*

*Útg. Den Norske kirke, Mellomkirkelig råd, 2006.*

*Ísl. Þýðing: Sjöfn Þór.*

Frekari upplýsingar um þvertrúarleg samskipti

Religionsmøte og menigheten: <http://www.kirken.no/religionsmote>

Folkekirke og religionsmøde

- Det teologiske Fakultet i Århus: <http://www.religionsmoede.dk>